

**Mál nr. 239/2016**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar L.**

**Afleiðingar aðgerðar á tveimur fingrum hægri handar þann 29. október 2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 2. ágúst 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 10. ágúst 2016, ásamt gögnum.

**Málsatvik.**

Samkvæmt gögnum málsins leitaði M til L fyrst þann 24. september 2013 vegna langvarandi eymsla í handarbaki hægri handar auk smella og læsinga í löngutöng. Samkvæmt sjúkraskrá var M greindur með s.k. Trigger finger. Þann 29. október 2013 framkvæmdi L aðgerð á löngutöng og baugfingri hægri handar M. M kveður batann hafa verið mjög hægán, hann hafi ekki náð fullri réttu í fingurna tvo og hafi fundið fyrir kraftleysi í þeim. Spelka sem L útbjó skilaði takmörkuðum árangri. M sótti enn fremur sjúkrapjálfun fram á árið 2014. Í læknaþréfi vegna endurkomu M til L þann 3. apríl 2014 kemur fram að augljós ástæða réttiskerðingar sé örmyndun og jafnvel birting lófakreppu, þó erfitt væri að fullyrða um það.

M telur sig hafa orðið fyrir tjóni í kjölfar aðgerðarinnar hjá L, en tjónið felst í takmarkaðri hreyfigetu og minni krafti í löngutöng og baugfingri hægri handar. Þessi eftirköst hafi leitt til þess að M hefur átt erfitt með að sinna starfi sínu. M byggir á því að aðgerðin hafi valdið tjóni M og að það hafi verið mistök að framkvæma aðgerð á tveimur fingrum, en ekki bara löngutöng.

M leitaði svo álits annars læknis þann 21. maí 2014 og var niðurstaða hans sú að líklega væru lófakreppubreytingar að hindra fulla réttu og trufla, en lækninum sýndist sinarnar vera fríar. Krafist er bóta úr sjúklingatryggingu L hjá V.

V telur að ekki sé fyrir hendi bótaskylda úr sjúklingatryggingu L hjá V. Bendir V á að M hafi sérstaklega samþykkt aðgerð á tveimur fingrum og að engin læknisfræðileg greining sé til staðar sem staðfesti að betra hafi verið að gera minni aðgerð eða að það hefði breytt einhverju varðandi þau einkenni sem M þjáist af í dag.

**Álit.**

Gert er ráð fyrir því að aðallega sé byggt á því af hálfu M að L eigi að bera skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda sé tjónið að öllum líkindum að rekja til þess atviks sem fram kemur í 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000: „Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.“

Þegar lítið er til gagna málsins í heild verður að líta til þess að mat nefndarinnar tekur mið af því að nefndarmenn eru ekki sérfróðir á sviði læknisfræði og byggja mat sitt því eingöngu á þeim gögnum sem liggja fyrir.

Þegar tekið er mið af öllum fyrirliggjandi gögnum er það mat nefndarinnar að ekki liggi fyrir með óyggjandi hætti að aðgerðinni hafi ekki verið hagað eins vel og unnt var og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Ekki hafa verið lögð fram læknisfræðileg gögn sem sýna fram á að aðgerðin sem L framkvæmdi falli undir 1. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000. Verður því að hafna bótaábyrgð L.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 6. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.